



Menningar-, íþróttá- og tómsfundarad

Borgartúni 14
105 REYKJAVÍK

Svar við fyrirspurn um Sundhöllina

Á fundi menningar-, íþróttá- og tómsfundarads 13. janúar 2020 var lögð fram eftirfarandi fyrirspurn fulltrúa Sjálfstæðisflokksins:

Hvenær eru áætluð verklok á viðgerðum gamla kvennaklefans í Sundhöllinni?


Hvernig er áætlað að inniklefarnir nýtist eftir að hann kemst í gagnið? Verður hann aftur kvennaklefi? Fyrir hverja verður ný kvennaklefinn?

Samkvæmt upplýsingum frá USK er áætlað að framkvæmdum ljúki á þessu ári.

Nýr kvennaklefi í nýbyggingu Sundhallar var byggður vegna þess að staðsetning gamla kvennaklefans þótti ekki viðunandi. Miklar athugasemdir voru við aðgengi að klefanum, þ.e. konur þurftu að fara niður þröngar og brattar tröppur og síðan upp þröngar og brattar tröppur til að komast í laugina. Úr þessu var bætt með nýjum klefa og lyftu.

Þegar búið er að gera upp gamla klefann er hann fyrst og fremst hugsaður sem viðbót þegar aðsókn er mikil og t.d. að vetri til fyrir skólasund til að létta á nýja klefanum. Ekki er gert ráð fyrir því að klefarnir séu báðir í notkun að staðaldri, það myndi hækka rekstrarkostnað verulega.

Þess má geta að í undirbúningi er að fjölga sturtum úr sjö í níu í nýja klefanum. Arkitektar eru að klára þá hönnun og útfærslu.


Omar Einarsson.